

# Animal® PARADE



## Fjölbreytt bætiefnalína fyrir börn





# Animal Parade Fjölbreytt bætiefnalína fyrir börn

Uppvöxtur barns er eitt af kraftaverkum náttúrunnar. Hver dagur færir okkur ný undur, undraverða vaxtakippi, sífellt meiri færni í orðaforða og stór stökk fram á við í skynsemi - bara dásamlegt að fylgjast með.

Þessi tilkomumikla þróun og þroski barna setur miklar og breytilegar næringarþarfir á líkama barna okkar. Á þessum spennandi tímum í lífi hvers barns og foreldra þeirra þurfa börnin okkar á mikilvægum næringarefnum að halda til að viðhalda og halda áfram sínum þroska.

Nature's plus styður vöxt kraftaverksins / barnanna okkar eins og náttúran ætlast til – með hreinum, náttúrlegum næringarríkum blöndum, sérhönnuðum með þarfir barnsins í huga til að styðja við og efla heilbrigði í framförum og þroska á hverju lífskeiði barnsins. Börn vaxa hratt og bætiefnablöndurnar frá Nature's plus henta alla leið.

Nature's plus býður upp á fjölbreytt bætiefni fyrir börn. Með Animal Parade línunni þá getur þú treyst því sem foreldri að barnið þitt er að fá það allra besta. Ekki skemmir fyrir að allar töflurnar eru mótaðar sem dýr sem vekur lukku og eru þar að auki bragðgóðar tuggutöflur.

# Animal Parade Zinc




Börn eru sérstaklega útsett fyrir allskonar sýkingum. Það er ekki þeim að kenna. Þessar elskur eru ekki alltaf þau snyrtilegustu í heimi. Í skólum og leikskólum eru þau að leika sér, hnerrandi og hóstandi, mörg þeirra stinga öllu upp í sig og borða jafnvel út úr hvort öðru. Ef þetta er ekki besta leiðin til að smitast af kvefi þá eru fáar leiðir öruggari til þess.

Við komum aldrei í veg fyrir þetta því vírusar og sýklar eru allstaðar, en við getum hjálpað börnunum okkar með góðri næringu. Zinc er eitt mest rannsakaða næringarefnið sem er þekkt af því að hafa góð áhrif á svörun ónæmiskerfisins.

Animal Parade Zinc er frábær vörn gegn kvefi, styrkir ónæmiskerfið og rannsóknir sýna að fólk er fljótar að ná úr sér kvefinu. Zink hefur góð áhrif á húðina, til að viðhalda jafnvægi.

Kidz Zinc inniheldur auk þess ólífulauf, sólhatt, slippery Elm og engifer sem eru allt jurtir sem styrkja ónæmiskerfið.




# Animal Parade KidGreenz

Áður fyrr voru foreldrar nokkuð öruggir um að börnin væru að fá rétt samsetta fæðu, en í nútíma samfélagi er raunin önnur. Núna borða börn miklu meira af tilbúnum mat sem oft er meira unnin en áður fyrr. Hillur verslana eru með endalausar lausnir á einfaldri eldamennsku, sem oftar en ekki kemur niður á næringarinnihaldi matarins. Það er ekki að furða að við þessa þróun, aukist sjúkdómar á borð við ofnæmi og astma hjá börnunum okkar.

Foreldrar þurfa að vita að börnin þeirra eru að fá helstu næringarefni sem þau þarfnast til að vaxa og vera heilbrigð. Animal Parade KidGreenz tuggutöflurnar er hárrétt blanda af grænu grænmeti, vatnsþangi og gerlum sem hjálpa til við uppbyggingu þarmaflórunnar. Fullt af andoxunarefnum.

KidGreenz inniheldur brokkolí sem er ríkt af andoxunarefnum, spínat sem er góður fólínsýrugjafi en fólínsýra er mjög mikilvæg til að viðhalda góðri heilsu. Hveitigrassafa sem inniheldur mikla næringu og flest öll vítamín og steinefni sem líkaminn þarfnast. Brún hýðishrísgrjón sem eru full af selenium sem talið er hafa mjög góð áhrif á húðina, chlorella, spirulina, rauðrófu, kelp, alfalfa og FOS.

# Animal Parade Acidophikidz




Oft gleymist að hugsa um mikilvægi góðrar næringu í meltingarfærunum. Mörg form af góðum og slæmum bakteríum þrífast í þörmunum og þar þarf að vera jafnvægi á. Mjólkursýrugerlar eru mikilvægur hluti gerlagróðurs heilbrigðrar meltingar. Sá gerlagróður tekur t.d. þátt í myndun sumra vítamína sem eru líkamanum lífsnauðsynleg og hjálpa til við að koma jafnvægi á starfsemi meltingarfæranna.

Animal parade Acidophikidz er sérstaklega sambyggð formúla af vingjarnlegum mjólkursýrugerlum, sem hjálpa við uppbyggingu gerlanna í smáþörmunum ásamt heilbrigðri meltingarstarfsemi, breyttri upptöku næringarefna og eflir ónæmiskerfið.

Acidophikidz innihalda bifidobacteria sem hafa góð áhrif á hreyfingu smáþarmanna og eflir þar af leiðandi ónæmiskerfið. Kefir er náttúrulegur mjólkursýrugerill. FOS hefur áhrif á vöxt góðra baktería í meltingarfærunum.




# Animal Parade Omega 3/6/9 junior

Það er alkunna að fái börn góða næringu í æsku búi þau að því alla ævi. Þetta kemur fram í góðri orku og sterku ónæmiskerfi, það er samt ekki alltaf víst að börn fái rétt samsetta fæðu, ekki af því að foreldrarnir vilja það ekki heldur vegna tímaleysis og mikillar notkunar á unnu hráefni þar sem foreldrar ráða engu um. Mest er af fitusýrum í fæðu sem er lítið unnin.

Animal Parade Omega 3/6/9 junior er eins og nafnið gefur til kynna hylki með Omega 3/6/9 fitusýrum með sítrónubragði. Hylkin innihalda Omega 3/6/9 olíur en bragðefnið er í gelhylkjunum. Hylkin er auðvelt að gleypa og trufla ekki bragðskyn barnanna því að sítrónubragðið er ljúft.

Omega 3/6/9 junior innihalda hágæða fiskiolíu, kaldpressaða hjólkrónuolíu, hörfræolíu og ólífuolíu. Allar olíurnar í þessari blöndu eru hreinar kaldpressaðar og ekki erfðabreyttar. Fitusýrurnar sem þarna eru í góðu jafnvægi, eru: EPA, DHA, GLA, alpha, línólíum, (ALA), línólum og Oleic.

# Animal Parade Barna-fjölvítamín




Fjölvítamín í Animal parade línunni, með bætiefnum unnum úr heilum ávöxtum. Það er oft erfitt fyrir foreldra að vera viss um að börnin þeirra fái nauðsynlega næringu úr mat í dag. Þetta fjölvítamín sér til þess að börnin fái ráðlagðan dagskammt af nauðsynlegum vítamínum og steinefnum. Ekki er of oft talað um hversu miklu máli það skiptir að til að viðhalda hreysti og heilbrigði barnanna okkar þurfa þau holla fæðu og bætiefni til að þroskast og vaxa á eðlilegasta máta, en það er það sem allir foreldrar vilja.

Hluti af bætiefnunum í þessari blöndu eru unnin úr heilum ávöxtum og grænmeti en ekkert hentar líkama okkar betur en bætiefni beint úr ávöxtunum.

Animal Parade fjölvítamínið er frábær blanda af vítamínum og steinefnum úr heilli fæðu. Þetta eru bragðgóðar tuggutöflur með greip-, kirsuberja- og appelsínubragði. Tvær töflur á dag fullnægja dagsþörfinni. Heila fæðan í fjölvítamíninu er unnin úr ananas sem er talin hjálpa til við meltinguna og koma í veg fyrir sýkingar, papaya er talið örva matarlyst og vera gott fyrir meltinguna, epli innihalda fullt af trefjum sem er gott fyrir ristilinn.




# Animal Parade D3-vítamín

Nýlegar fréttir um skort á D-vítamíni hjá fullorðnum og börnum er áhyggjuefni margra sérfræðinga og ætti að vera það, því að skortur á D-vítamíni veldur beinþynningu í fullorðnum og beinkröm hjá börnum.

D-vítamín fáum við úr sólinni en vegna þess hversu ódugleg mörg börn eru að leika sér út í sólinni og kjósa frekar inniveru fyrir framan tölvuna eða sjónvarpið þá er þetta nauðsynlegt vítamín. Hér á norðurlöndunum er þetta bætiefni bráðnauðsynlegt vegna hversu lítillar sólar við njótum, nema yfir hásumarið og oft ekki einu sinni þá.

D-vítamín fáum við líka úr fæðunni aðallega úr fiskmeti og fiskiolíu. Mörg börn vilja ekki borða fiskinn sinn og ekki taka fiskiolíu, því er þetta frábær valkostur: ein bragðgóð tyggitafla og allir eru ánægðir.

D-vítamín er nauðsynlegt fyrir eðlilega þroskun og vöxt beina í börnum.



# Animal Parade C-vítamín




Öll börn, strákar og stelpur á öllum aldri, geta nú notið þessa að fá C-vítamín á sem náttúrulegasta máta, því að C-vítamíntyggitöflurnar frá Animal Parade eru unnar úr heilli fæðu. Það þýðir að í þessum töflum er aðeins C-vítamín unnið úr vínberjum, aðalbláberjum, mangó, guava-ávöxt og ananas. Auðvitað er best að fá öll vítamín beint úr ávöxtunum sjálfum og við mælum eindregið með því, en oft eru börn ekki dugleg að borða ávexti sem verður til þess að þau uppfylla ekki C-vítamín þörf líkamans.

Núna erum við komin með þægilega lausn, C-vítamín í Animal Parade línunni. Þetta eru tyggitöflur með appelsínubragði, hver tafla inniheldur 125 mg af C-vítamíni. Animal Parade C-vítamínið er án sykurs, tilbúinna litar- og rotvarnarefna, án algengra ofnæmisvalda s.s. gers, hveitis, soja og mjólkur. Það er sætt með Xylitoli sem rannsóknir sýna fram á að verndi tennur barnanna okkar og einnig virðist Xylitol hjálpa til við að minnka sýkingarhættu í öndunarfærum.

C-vítamínið er unnið úr heilum ávöxtum, vínberjum og bláberjum og þykkni af mangó, papaja, guave og ananas.




# Animal Parade Inner Ear

Animal parade Inner ear inniheldur einhverja áhugaverðustu uppgötvun á sviði probiotics mjólkursýrugerla síðan menn áttuðu sig á virkni lactobacillius acidophilus mjólkursýrugerlanna. Töflurnar geyma kraft K12 probiotics mjólkursýrugerlanna, sem hafa þann eiginleika að vinna á vandamálum í innra eyra og hálsi. Í töflunum er að finna fullkomna samsetningu probiotics mjólkursýrugerla fyrir börn. Töflurnar eru styrktar með kælandi, róandi og sefandi eiginleikum kamillu og krafti úr kóngaljósi (mullein). Töflurnar eru með náttúrulegu kirsuberjabragði og eru því mjög bragðgóðar.

Þessi blanda er þróuð að ósk fjölda foreldra sem kjósa aðeins bestu fáanlegu næringarefnin fyrir börnin sín, þessi sérvalda, vinveitta probiotics bakteríuflóra inniheldur lifandi og vinveitta K12 gerla, sem hindra útbreiðslu skaðlegra og eyðandi baktería.



Animal Parade Inner ear er afar góð blanda af jurtum og gerlum sem hafa bætandi áhrif á meltingarflóruna. Í náttúrunni finnast s.salvarius mjólkursýrugerillinn og l.acidophilus saman. Það er vitað að aðstæður sem draga úr öðrum þeirra draga líka úr hinum. Til dæmis þurrka sýklalyf ekki aðeins út s.salvarius gerilinn heldur útrýma líka l.acidophilus. Af þessum sökum er viturlegra fyrir foreldra sem vilja koma líkamsflóru barna sinna í samt lag að hafa þá báða til taks.

Kamilla hefur verið notuð í aldir við ýmis konar kvillum. Ekki er langt síðan vísindamenn fundu nýjar vísbendingar um að kamilla létti á alls kyns kvillum, þar með talið kvefi og sýkingum.

Kóngaljós (Mullein Leaf) er vinsæl og örugg jurt sem hefur verið notuð um langan aldur til þess að vinna m.a. gegn astma, þrálátum bronkítis, þurrum hósta og barkabólgu. Hún er líka mikið notuð gegn miðeyrnabólgu vegna bólgu- og sýklaeyðandi áhrifa.

Það er löngu vitað að Xylitol inniheldur streptococcus mutans, sem kemur í veg fyrir skemmdir í tönnum. Sett hefur verið fram rannsóknartilgáta þess efnis að sumir sýklar frásogi xylitol á sama hátt og hvert annað næringarefni. En þegar þeir reyna að melta það reynist xylitol ómeltanlegt og komi þar af leiðandi í veg fyrir útbreiðslu sýklanna. Vísindamennirnir hafa dregið þá ályktun að xylitol búi yfir sýklaeyðandi eiginleikum.






Allar nánari upplýsingar
er að finna á www.heilsa.is

heilsa
–hafðu það gott



Útgefandi: Heilsa Hönnun og teikningar: Blær Prentun: Litlaprent